

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 337/1988. Einara Sigurbjörg Einarsdóttir

gegn

Arnari Moubarak

Kærumál. Skiptamál. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. t. l. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 26. júlí sl., sem barst réttinum þann 11. október sl. Kærður er úrskurður skiptaréttar Seltjarnarness frá 15. júlí sl.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðinum verði hrundið og úrskurðað verði að félagsbú hjónanna Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur og Arnars Moubaraks verði tekið til opinberra skipta að nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Kröfur varnaraðila eru þær að kröfum sóknaraðila verði alfarið hafnað og hinn kærði úrskurður staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Samkomulag aðila um eignaskipti frá 25. júlí 1986 var ófullkomið á ýmsa lund. T.d. var þar ekkert getið um hvernig fara ætti um skuldir við skilnaðinn. Því var rétt að vísa deilum aðila til skiptaréttarins til framkvæmda á samkomulagi þeirra. Þar sem gögn málsins bera það hins vegar með sér, eins og í hinum kærða úrskurði greinir, að þau hafa í raun framkvæmt samkomulagið með ákveðnum hætti, verður að telja skiptum á milli þeirra lokið og að þau verði ekki að nýju tekin upp fyrir skiptaréttinum. Hér er ekki til úrlausnar hvort fá má samkomulag aðila hrundið í almennu einkamáli.

Niðurstaðan er því sú að skiptum á þúi aðila telst nú lokið og verður það ekki tekið til opinberra skipta fyrir skiptarétti að óbreyttum forsendum.

Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Skiptum á búi sóknaraðila, Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur, og varnaraðila, Arnars Moubaraks, telst lokið og verður ekki tekið til opinberra skipta að nýju fyrir skiptarétti að óbreyttum forsendum.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Seltjarnarneskaupstaðar 15. júlí 1988.

I.

Árið 1988, föstudaginn 15. júlí, er kveðinn upp í skiptarétti Seltjarnarneskaupstaðar úrskurður þessi vegna tilmæla beggja aðila félagsbú þeirra Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur, nnr. 1843-0843, nú til heimilis að Nesbala 64, Seltjarnarnesi, og Arnars Moubaraks, nnr. 0442-5078, nú til heimilis að Laugavegi 69 í Reykjavík en áður að Nesbala 64, Seltjarnarnesi, um að rétturinn taki til úrskurðar, hvort telja beri skiptum í búi þeirra lokið eða hvort það megi taka til skiptameðferðar að nýju.

Sóknaraðili, konan, krefst þess, að félagsbúið verði tekið til opinberra skipta að nýju. Varnaraðili, maðurinn, krefst úrskurðar til staðfestingar því, að skiptum hafi verið lokið hinn 26. nóvember 1986.

Báðir aðilar krefjast málskostnaðar sér að skaðlausu.

II.

Málavextir eru sem hér segir:

Við meðferð hjónaskilnaðarmáls framangreindra hjóna hjá embættinu á tímabilinu 23. júní - 19. september árið 1986 var verulegur ágreiningur þeirra í milli, m.a. um fjárskipti. Fór svo skv. bókun í hjónaskilnaðarbók hinn 19. sept. að ákveðið var að vísa búskiptum til skiptaréttar en málið að öðru leyti sent dómsmálaráðuneytinu til afgreiðslu. Samkvæmt bókuninni var af hálfu konunnar óskað eftir því, að við skiptin yrði lögð til grundvallar svokölluð „samþykkt“, sem aðilar höfðu undirritað hinn 25. júlí 1986 (Sjá síðar.). Af mannsins hálfu var því hinsvegar haldið fram, að samkomulag lægi ekki fyrir um skipti félagsbúsins.

Hinn 24. september 1986 var málið þingfest í skiptarétti Seltjarnarness. Þá var ekki mætt af hálfu konunnar og málinu frestað ótiltekið.

Næst var þingað 25. október og þá mætt af hálfu beggja. Var þá lagt fram bréf frá lögmanni mannsins um kröfur hans, dags. 29. sept. 1986. Þar sagði m.a.: „...leyfi ég mér að lýsa því yfir f.h. umbj. míns að hann

samþykkir lyktir málsins varðandi eignaskipti aðila hér á landi frá 25. júlí 1986 ... með eftirfarandi athugasemdum og skilyrðum ...". Í athugasemdunum komu fram nokkrir fyrirvarar um yfirlýsingar aðila og undirritanir skjala svo og varðandi skiptingu opinberra gjalda og greiðslu skuldar við erlendan kröfuhafa.

Í bókun næsta þinghalds, hinn 13. nóvember 1986, kemur fram, að af mánnsins hálfu hafi þá verið gerð sú krafa að skiptum yrði „lokið á grundvelli samnings aðila um eignaskipti frá 25. júlí 1986“, eins og þar stendur svo og skv. efni fyrrgreinds bréfs lögmannsins til skiptaréttar.

Enginn mætti af hálfu konunnar í þinghaldi þessu og var málinu frestað til 26. nóvember en lögmanni hennar sent endurrit úr þinghaldinu ásamt fundarboði.

Í þinghaldi 26. nóv. varð samkomulag með lögmonnum aðila um að „hefja málið“, eins og komist er að orði í bókun. Þá var og bókað að lögmaður konunnar legði fram bréf, þar sem fram kæmi að hann teldi samkomulag hafa náðst um eignaskipti 25. júlí 1986. Í bréfi þessu sagði m.a., að málið ætti því ekki undir skiptarétt og var þar krafist frávísunar.

Hinn 13. apríl 1987 barst embættinu bréf frá lögmanni konunnar, þeim hinum sama, stílað á tiltekinn þáverandi fulltrúa skiptaráðanda, þar sem sagði m.a.: „Það tilkynnist yður, hr. valdsmaður, að ekkert samkomulag hefur náðst um eignaskipti í ofangreindu hjónaskilnaðarmáli. Fyrirliggjandi drög að samkomulagi eru einasta rammasamningur sem ekki hefur náðst samkomulag um útfærslu á. Búið óskast tekið til opinberra skipta.“

Þessu var svarað á þá lund 22. apríl 1987, að „skiptum ... var lokið í skiptarétti Seltjarnarness með hafningu 26. nóv. 1986“.

Hinn 21. desember barst embættinu bréf frá lögmanni konunnar, öðrum en verið hafði, þar sem þess var farið á leit að opinber skipti færu fram að nýju og óskað uppskriftar hið allra fyrsta.

Hinn 13. janúar barst einnig bréf frá lögmanni mannsins, hinum sama og verið hafði, þar sem hann fór þess einnig á leit að málið yrði tekið fyrir í skiptarétti að nýju til að fá staðfest að skiptum væri lokið. Vísaði hann til samkomulagsins sem lá til grundvallar hafningunni 26. nóvember og staðhæfði að báðir aðilar hefðu í reynd farið eftir því síðan.

Lögmaðurinn vísaði til bréfs, dags. 28. júlí 1987, sem honum hafði borist frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem fram kom að ekki væri unnt að ganga frá skilnaðarmálinu. Í bréfi lögmannsins sagði m.a.: „Af hálfu ráðuneytisins var fundið að því að málið skyldi hafið í skiptarétti ... Samkvæmt ábendingu ráðuneytisins þyrfti vist að liggja fyrir yfirlýsing um lok skipta eða úrskurður um lok skipta til að fá málinu lokið í ráðuneyti.“

Eftir ýtarleg samtöl við báða lögmenntina og deildarstjóra síðamála í dómsmálaráðuneytinu var málið tekið fyrir í skiptarétti hinn 28. janúar

1988 með vísan til 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Leitað var sátta svo sem þar er mælt fyrir um og var lögmönnum veittur ótiltekinn frestur til samningaumleitana á grundvelli samþykktarinnar frá 25. júlí 1986.

Lögmennirnir komu aftur á fund skiptaráðanda hinn 20. apríl 1988. Höfðu sáttaviðræður þá reynst árangurslausar og ítrekuðu aðilar nú kröfur sínar. Frestir voru veittir til framlagningar greinargerða og gagnaöflunar og fór munnlegur málflutningur síðan fram 6. júlí sl.

III.

Það er mat réttarins að ekki hafi verið unnt að færast undan því að taka mál þetta fyrir í skiptarétti að nýju, eins og það var vaxið, þrátt fyrir hafningu þess úr réttinum 26. nóvember 1986, enda hafi það verið heimilt á grundvelli 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Með hliðsjón af hlutverki skiptaréttar og þeim lagaákvæðum sem starf hans byggist á sýnist ekki úr vegi að líta á samkomulag ofangreindra aðila um að „hefja“ málið úr réttinum sem hliðstæðu þess, er erfingjar að dánarbúi, sem óskað hafa opinberra skipta vegna ágreinings sín í milli (sbr. 4. og 8. gr. skl. nr. 3/1878), sættast og fara fram á að fá búið framselt aftur til einkaskipta. Enda þótt orðið sé við slíkum tilmælum er skiptum bús ekki talið að fullu lokið fyrir en erfingjar hafa undirritað skiptagerð og önnur gögn og skiptaráðandi samþykkt og staðfest skiptalok með undirskrift sinni og embættisstimpli.

Skipti á félagsbúum hjóna vegna skilnaðar eru að vísu frábrugðin skiptum dánarbúa um margt en þó hljóta þau að þurfa að fá formlegar lyktir með einhverjum hætti. Þess ber að gæta að til að fá gengið frá skilnaði hjá dómsmálaráðuneytinu dugir að fyrir liggi yfirlýsing skiptaráðanda um að bú hjónanna hafi verið tekið til opinberra skipta. Má ætla að það eitt út af fyrir sig leggi skiptaráðanda á herðar þá skyldu að sjá til þess að skiptum félagsbúsins ljúki að fullu og binda sjálfur endahnúttinn á skiptin með undirskrift sinni og staðfestingarstimplun eða bókaðri yfirlýsingu um skiptalok.

Þá ber að hafa í huga að í því tilviki sem hér er til umfjöllunar var ekki um að ræða sérstakt „skiptaréttarmál“ og því hæpið að líta hafninguna 26. nóv. 1986 sömu augum og hafningu máls í héraði, hvað sem samkomulagi aðila leið. Og þó svo að það væri gert verður að hafa í huga að aðilar geta stefnt máli fyrir héraðsdómstól á ný þótt það hafi verið hafið. Mætti ætla, að réttarstaða manna væri ekki lakari að því leyti gagnvart skiptarétti, a.m.k. hljóti þeir að geta fengið óbyggjandi úr því skorið hver niðurstaða máls þeirra hafi verið fyrir skiptaréttinum þegar vafi þar um virðist valda erfiðleikum á borð við þá að fá ekki gengið frá hjónaskilnaði svo sem er í þessu tilviki.

IV.

Það sem fyrir réttinum liggur er að skera úr um það hvort taka skuli félagsbú framangreindra hjóna til opinberra skipta að nýju eða hvort telja verði, að skiptum búans hafi verið lokið hinn 26. nóv. 1986, þar sem þá hafi legið fyrir bindandi eignaskiptasamningur þeirra í milli og því beri að vísa málinu frá skiptarétti.

Hin umdeilda „samþykkt“ frá 25. júlí 1986 er svohljóðandi:

„1986, 25. júlí, var haldinn fundur á lögmannsstofu Jóns Oddssonar hrl. Garðastræti 2, Reykjavík.

Fyrir var tekið að ræða hjónaskilnaðarmálið frú Einara Sigurbjörg Einarsdóttir og hr. Adnan Moubarak. Með aðilum voru mættir lögmennt þeirra Kristján Stefánsson hdl. og Jón Oddsson hrl. Með aðilum varð eftirfarandi samþykkt gerð í sambandi við skilnaðarkjör.

Fasteignin Laugavegur 69 skal verða eign mannsins. Aðrar eignir búans hér á landi skulu verða eign konunnar. Samkomulag varð með aðilum um að konan taki ein við rekstri fyrirtækja búans 1. ágúst nk. Konan skal hafa afnot af starfsstöð fyrirtækjanna að Laugavegi 69 til 1. febrúar 1989 án sérstakrar leigu. Afhending fasteigna fer fram að öðru leyti milli aðila miðað við 1. okt., þ.e. íbúða að Laugavegi og Nesbala. Reikningslegt uppgjör á stöðu búans miðast við 1. ágúst 1986. Konan hefur forleigurétt að húsnæði að Laugavegi 69 að því er varðar húsnæði það er ofangreind fyrirtæki hafa starfsaðstöðu í. Konunni er heimilt að framleigja umrætt húsnæði. Maðurinn skuldbindur sig til þess að fara ekki út í samkeppni við rekstur verslunar konunnar, 1001 nótt, næstu þrjú og hálf ár. Ef konan hyggst selja verslunina 1001 nótt hefur maðurinn forkaupsrétt.

Með ofangreindu telja aðilar sig hafa náð jöfnuði í eiganskiptum.

Varðandi ákvörðun um forsjá sonar aðila Brynjars og annað í því sambandi eru aðilar sammála um að leita til Helgu Hannesdóttur barnageðlæknis til umsagnar.

Vottar:

Kristján Stefánsson

Jón Oddsson

A. Moubarak (sign.)

Sigurbjörg Einarsdóttir (sign.).“

Málsástæður sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Aldrei hafi farið fram uppskrift á eignum búans né fyrir legið mat á eignum eða skuldum þess. Því sé útilokað að sjá hvort um réttláta skiptingu á eignum búans hafi verið að ræða samkvæmt hinni umdeildu samþykkt frá 25. júlí 1986. Uppgjör búans hafi aldrei farið fram, svo sem ætlað var; ekkert liggir fyrir um mat á verðmæti hvors eignarhluta né hvernig greitt hafi verið af skuldum búans.

2. Fyrir liggir í málinu yfirlýsingar beggja aðila um að samþykktin hafi einungis verið rammisamkomulag og eftir hafi verið að koma á lögformlegum eignaskiptasamningi.

3. Enda þótt sóknaraðili, konan, hafi fylgt samþykktinni í aðalatriðum með því að taka við starfrækslu fyrirtækja búans, þrátt fyrir að endanlegur samningur væri ekki á kominn, hafi það verið henni nauðugur einn kostur til þess að firra fyrirtækin tjóni. Hún hafi falið þáverandi lögmanni sínum að ganga frá búskiptum fyrir sína hönd og beðið eftir frágangi þeirra.

4. Skráningu eigna hafi ekki verið breytt í samræmi við hina umdeildu samþykkt nema að því er varði þinglýsingu á eigninni að Laugavegi 69, sem fram hafi farið án vitundar hennar og vilja.

5. Dómsmálaráðuneytið hafi litið svo á að enginn gildur samningur um eignaskipti væri fyrir hendi og á því hafi byggst að ráðuneytið hafi synjað um veitingu lögskilnaðarleyfis.

6. Málið hafi verið „hafið“ úr skiptarétti á þeirri forsendu að ráðgert hafi verið að ná eignaskiptasamkomulagi utan réttar. Það hafi ekki tekist og aldrei hafi komið fram yfirlýsing fyrir skiptarétti þess efnis að skiptum væri lokið. Í framhaldi af því hafi þáverandi lögmaður konunnar ritað skiptarétti bréf, dags. 8. apríl 1987, og farið þess á leit, að búið yrði að nýju tekið til opinberra skipta. Þá kröfu hafi núverandi lögmaður hennar ítrekað í lok ársins 1987.

Málsástæður varnaraðila eru eftirfarandi:

1. Skiptum aðila hafi verið lokið á grundvelli samþykktarinnar frá 25. júlí 1986, eftir að gengið hafi verið að tilboði konunnar, enda hafi aðilar lýst því þar yfir að þeir hafi náð jöfnuði í eignaskiptum. Umrædd skipti hafi farið fram í reynd og aðilar síðan haft aðskilinn fjárhag. Þá sé samþykktin undirrituð af aðilum og vottuð af lögmonnum þeirra.

Varnaraðili tilgreinir tiltekið mat á eignum sem hann segir byggt á umsögnum fasteignasala og endurskoðanda fyrirtækja hjónanna. Við mat þeirra á öllum þáttum samþykktarinnar frá 25. júlí 1986 hafi verið talið að jöfnuði væri nokkurn veginn náð. Gert hafi verið ráð fyrir því að hvor aðili greiddi áhvilandi skuldir á þeim fasteignum sem í hans hlut kæmu og konan tæki við rekstri fyrirtækjanna 1. ágúst 1986 miðað við stöðu þeirra þá sem endurskoðandi hafi athugað. Engar athugasemdir hafi komið frá konunni varðandi stöðu fyrirtækjanna, hvorki þegar hún tók við rekstrinum né síðar. Varnaraðili telur að formlegs mats hafi ekki verið þörf þar sem fyrir hafi legið yfirlýsing um jöfnuð í eignaskiptum.

2. Varnaraðili hafi sjálfur á sínum tíma óskað eftir sundurliðun samþykktarinnar og því viljað að málinu yrði vísað til skiptaréttar þegar ekki náðist samkomulag þar um. Lögmaður konunnar hafi hinsvegar krafist

frávísunar frá skiptarétti á þeirri forsendu að samkomulag lægi fyrir um eignaskiptingu og hafi varnaraðili þá að lokum fallið frá því að reyna að ná frekara samkomulagi um sundurliðun og fallist á það sjónarmið gagnaðilans að frekari útfærsla væri óþörf, enda tæki samþykktin á öllum efnisþáttum málsins. Í lokin hafi yfirlýsingar beggja aðila fyrir skiptarétti verið á þá lund að skiptum væri lokið og á þeirri forsendu hafi málið verið hafið úr skiptarétti.

3. Sóknaraðila, konunni, hafi verið afhentar þær eignir sem í hennar hlut skyldu koma samkvæmt samþykktinni, þ. á m. fasteignin að Nesbala 64 sem hún hafi sjálf framleigt um hríð. Jafnframt hafi hún rekið fyrir eigin reikning fyrirtækin sem um er getið í samþykktinni. Maðurinn hafi hinsvegar tekið við rekstri fasteignarinnar að Laugavegi 69 sem hann hafi fengið þinglýst á sitt nafn með vísan til umræddrar samþykktar. Þá hafi hann verið reiðubúinn til þess hvenær sem var að undirrita nauðsynleg skjöl til þinglýsingar og skráningar á eignum er komu í hlut gagnadilans.

4. Grundvöllur til skipta sé ekki lengur fyrir hendi enda séu útrunnir allir tímafrestir til að rifta umræddri samþykkt og réttargjörðum er hana varði. Þá sé eignastaða aðila orðin önnur en hún var þegar málið var hafið úr skiptarétti.

Sóknaraðili vísar almennt til „reglna á sviði laga um fjármál hjóna, stofnun og slit hjúskapar, reglna á sviði fjármunaréttar, einkum samningsréttar svo og skiptalaga“. Ennfremur til „viðtekinnar venju varðandi búskipti við hjónaskilnað ... frávíkjanlegra heimilda laga um frjálstan samningsrétt aðila og í hvaða hlutföllum er skipt. Þá er og vísað til ákvæða er þrengja mjög tíma til að taka upp skipti og einnig að því er varðar heimild til riftunar.“

Hann telur að aðrar reglur og frjálsglegri hljóti að gilda um opinber skipti á félagsbúum hjóna en dánarbúum, þar sem opinberir hagsmunir komi til við hin siðarnefndu en ekki hin fyrrnefndu. Þá hafi hjón og heimild til að nota annan skiptagrundvöll en helmingaskipti við uppgjör vegna skilnaðar.

V.

Álit réttarins:

Hér verður fyrst tekið til athugunar hvort telja beri að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila hinn 25. júlí 1986 og síðan hvort telja beri að skiptum hafi verið lokið á grundvelli hans, þegar málið var hafið úr skiptarétti 26. nóvember 1986 eða hvort taka skuli búið til skipta að nýju.

Samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali umræddra hjóna árið 1986 eru eignir félagsbúsins þá fasteignin að Nesbala 64, Seltjarnarnesi, og tvö

fyrirtæki samkvæmt meðfylgjandi rekstrar- og efnahagsreikningum: Melkorka sf. og Verslunin 1001 nótt, bæði skráð að Laugavegi 69, Reykjavík. Af öðrum gögnum, sem fram hafa verið lögð í réttinum, kemur fram, að hjónin hafa keypt fasteignina Laugaveg 69 í Reykjavík.

Ekki liggja fyrir gögn um aðrar eignir, hvorki hérlendis né erlendis, þótt það hafi verið að því að þau ættu einhverjar eignir á Spáni, sbr. rskj. nr. 38, en í rökstuðningi lögmanns mannsins er getið um bifreið, án nánari tilgreiningar, sem komið hafi í hlut konunnar en hún selt.

Í samþykkt aðila frá 25. júlí 1986 eru greindar sömu eignir hérlendis að undanskildu fyrirtækinu Melkorku og umræddri bifreið. Þar er skýrt kveðið á um, að fasteignin að Laugavegi 69 skuli vera eign mannsins, en aðrar eignir hér á landi skuli verða eign konunnar. Ekki eru tilgreindar eignir erlendis.

Tekið er fram, að reikningslegt uppgjör skuli miðað við 1. ágúst 1986 en afhending fasteigna við 1. okt. 1986.

Ekki er í samþykktinni minnst á milligreiddslur í peningum vegna hugsanlegs mismunar á verðmæti eigna og í lokin sérstaklega tekið fram að aðilar telji sig hafa náð jöfnuði í eignaskiptum, án þess þó að verðmætamat á einstökum eignum sé tiltekið.

Ekkert er minnst á skiptingu skulda.

Hin umdeilda samþykkt er undirrituð af báðum aðilum og lögönnum þeirra. Henni er af hálfu lögmanns konunnar haldið til streitu sem fjárskiptasamkomulagi frá upphafi til enda málsmeðferðar fyrir skiptarétti og allt til 8. apríl 1987, að hann óskar opinberra skipta á ný á þeirri forsendu, að samþykktin hafi einungis verið „rammasamningur“, sem ekki hafi tekist samkomulag um útfærslu á. Heldur lögmaður konunnar þar í fyrsta sinn fram því sama sjónarmiði sem lögmaður mannsins hélt fram allt til 26. nóvember, þegar báðir aðilar lýstu loks yfir því, að samkomulag væri fyrir hendi, án nokkurra fyrirvara af hálfu mannsins.

Verður ekki annað ráðið af afstöðu lögmanns konunnar en að það hafi verið vilji umbjóðanda hans allan þann tíma, sem málið var fyrir skiptarétti, að eignum yrði skipt með þeim hætti, sem samþykktin kvað á um og sú virðist hafa verið meginástæða þess, að ekki var af hálfu réttarins látin fara fram uppskrift búans og virðing áður en aðilar urðu á eitt sáttir um að taka málið úr höndum skiptaráðanda.

Þá er þess að gæta, að í greinargerð um eignabreytingar á skattframtali konunnar árið 1987, sbr. rskj. 35, segir: „skildi við Arnar Moubarak nnr. 0452-5078. Í minn hlut kom verslunin 1001 nótt og eignarhluti í Melkorku sf. Fasteignin Laugavegur 69 kom í hlut Arnar með áhvilandi skuldum.“

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið er það mat réttarins, að eðlilegt sé að telja, að hinn 26. nóvember 1986 hafi verið á komið milli

aðila bindandi samkomulag, sem leggja verði til grundvallar skiptum búsin.

Annað mál er, hvort með einhverjum rökum mætti telja samþykktina óskuldbindandi annaðhvort á grundvelli 54. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, eða annarra laga-ákvæða, en skv. orðan 54. gr. l. 60/1972 heyrir úrlausn slíks máls ekki undir skiptarétt. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 er aðilum dómstólaleiðin enn opin.

Þá kemur til álita, hvort skiptum hafi verið að fullu lokið, þegar málið var tekið úr höndum skiptaréttar.

Hvergi eru í lögum sérstök skilyrði um form fjárskiptasamninga hjóna við skilnað né um það hversu ýtarlega skuli gengið frá smáatriðum. Ekki er skiptaráðanda heldur kunnugt um, að til séu nokkurs konar stöðluð samningsform þar að lútandi.

Þar sem í hinni umdeildu samþykkt eru tilteknar dagsetningar reiknings-skíla og afhendinga eigna, sýnist hæpið að líta svo á, að skortur á nákvæmri útfærslu einstakra efnispáttu hennar geti ónýtt þann grundvöll eignaskipta, sem þar er samið um.

Það mun að vísu vera venja við gerð skilnaðarsamninga hjóna að ganga frá skiptingu skulda en svo er ekki í umræddri samþykkt. Að því leyti má segja, að aðilar hafi ekki komið sér fyllilega saman um fjárskipti sín, sbr. orðalag 54. gr. l. 60/1972.

Þess ber hinsvegar að gæta, að skv. 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna bera hjón, hvort um sig, ábyrgð á eigin skuldbindingum, hvort sem til þeirra er stofnað á undan hjónabandinu eða meðan það stendur. Það er því ekki á valdi skiptaréttarins að „skipta“ skuldum milli hjóna. Í hinni umdeildu samþykkt eru, sem fyrr segir, tilteknar dagsetningar reikningsskíla. Komi aðilar sér ekki saman um uppgjör skulda samkvæmt þeim, stendur þeim til boða dómstólaleiðin til úrlausnar á slíkum ágreiningsefnum.

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að skiptum hafi verið lokið í félagsbúi þessu hinn 26. nóvember 1986, þegar aðilar tóku málið úr höndum skiptaréttar.

Málkostnaður úrskurðast kr. 17.369,00.

Margrét Heinreksdóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Seltjarnarnesi, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Samþykkt um eignaskipti í félagsbúi hjónanna Einöru Sigurbjargar Einarsdóttur og Arnars Moubaraks, undirrituð af aðilum og vottuð af lögmonnum þeirra hinn 25. júlí 1986 og lögð til grundvallar „hafn-

ingu“ við skiptarétt Seltjarnarness hinn 26. nóvember 1986, telst bindandi grundvöllur fyrir skiptingu eigna búans og er litið svo á, að skiptum þess hafi verið lokið.

Sóknaraðili, Einara Sigurbjörg Einarsdóttir, greiði varnaraðila, Arnari Moubarak, kr. 17.309,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 339/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Gústav Reinholt Gústavssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins hinn 12. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 14. s.m. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.